

Fundargerð:

Samstarfsnefnd Dalabyggðar og Húnaþings vestra

Samstarfsnefnd Dalabyggðar og Húnaþings vestra kom saman til 5. fundar þann 25. september 2025 í fjarfundi á Teams.

Fundinn sátu:

- Ingibjörg Þóranna Steinudóttir frá Dalabyggð
- Skúli Hreinn Guðbjörnsson, Dalabyggð
- Magnús Eðvaldsson, Húnaþingi vestra
- Magnús Magnússon, Húnaþingi vestra
- Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri Dalabyggðar
- Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri Húnaþings vestra
- Jón Hrói Finnsson, KPMG
- Lilja Ósk Alexandersdóttir frá KPMG sem ritaði fundargerð

Dagskrá:

1. Svar Jöfnunarsjóðs við umsókn um stuðning við formlegar viðræður

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur samþykkt stuðning við sameiningarviðræður sveitarfélaganna að fjárhæð 21,2 m.kr. en frá verða dregnar 9,4 m.kr. vegna þeirrar fjárhæðar sem nú þegar hefur verið greidd vegna óformlegra viðræðna.

Samþykkt að BP hafi samband við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna upphæðar við stuðning við sameiningarviðræður.

2. Viðauki við verksamning við KPMG vegna formlegra viðræðna

Lagður fram viðauki við verksamning við KPMG vegna formlegra viðræðna. Umræðu frestað þar til svar hefur borist frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga varðandi umsókn um stuðning við formlegar viðræður.

3. Íbúafundir

Lögð fram drög að kynningu á íbúafundum, auk tillögu að fyrirkomulagi umræðna og umræðuefnum.

Lagðar til breytingar að fyrirkomulagi vegna íbúasamráðs. Áhersla verði á að gefa íbúum tækifæri til þess að koma að sínum sjónarmiðum varðandi skipulag mögulega sameinaðs sveitarfélags. Þeir málaflokkar sem samráð snýr helst að verði: fjárhagur sameinaðs sveitarfélags, skipulag; heimastjórnir, stjórnskipulag, o.fl., skólamál, landshlutasamtök, fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn og annað sem skipt getur máli við álit samstarfsnefndar. KPMG mun gera tillögu að fyrirkomulagi íbúafunda og senda samstarfsnefnd til athugasemda.

Tímasetning íbúafunda verði 14. október í Dalabyggð kl. 17:00 og 15. október í Húnaþingi vestra kl. 17:00.

Kynning á fundunum verði einnig í streymi en þátttaka í íbúasamráði/vinnustofu verði ekki í boði í streymi. Opið verði fyrir spurningar í sal og í gegn um streymi í lok kynningar. Samþykkt.

4. Fundir í tengslum við fjármálaráðstefnu

Boðað verði til fundar með þingmönnum kjördæmisins, innviðaráðherra og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

BP skoðar mögulega tímasetningu vegna fundar með þingmönnum.

Lagt til að funda með innviðaráðherra í hádegishléi eða eftir erindi kl. 13:45 á fimmtudaginn 2. október.

JHF bókar fundarherbergi á Hilton Hotel Nordica.

JHF tekur saman samantekt vegna fundanna og sendi á samstarfsnefnd til athugasemda.

Fundi slitið kl. 16